

Sp. 821. Tillaga til þingsályktunar [417. mál]

um þróunarverkefni í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa sérstök þróunarverkefni í atvinnumálum í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu í því skyni að hraða nýsköpun í atvinnulífi, örva framtak einstaklinga og félaga, stuðla að vexti þéttbýlisstaða og auka fjölbreytni í atvinnustarfsemi.

Í þróunarverkefnunum komi fram ábendingar um æskileg verkefni, hugmyndir um hvernig að framkvæmdum skuli staðið, þar á meðal um hvaða aðgerðum skuli beita af hálfu sveitarstjórna og ríkis til þess að greiða fyrir framgangi atvinnuþróunarverkefna sem líkleg væru til þess að treysta grundvöll atvinnulífsins og búsetu fólks á svæðinu.

G r e i n a r g e r ð .

Í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu hefur atvinnulíf nær eingöngu byggst á landbúnaði um ár og aldir. Nú þegar stöðugt fækkar því fólki, sem við landbúnað starfar, þó að framleiðsla landbúnaðarvara dragist ekki mikið saman, stefnir í hreint óefni með

byggðina í þessum sýslum, og er nú svo komið að fólk hefur auglýst hús sín og eignir til sölu í nokkrum mæli, en lítill möguleiki mun vera á að selja þær þar sem atvinnuöryggi er ekki fyrir hendi eins og nú horfir.

Atvinnulíf hefur um langan tíma verið fremur ótraust og með aukinni tæknivæðingu og framleiðni í landbúnaði mun flestum vera það ljóst að fólkinu, sem við hann starfar, muni halda áfram að fækka ef ekki verður að gert.

Í fyrsta lagi verður því að gera allt sem mögulegt er til þess að koma upp nýjum búgreinum og önnur atvinnustarfsemi að koma til, þar sem við á, eigi að forða því að byggðin grisjist ekki meira en orðið er og eignir og önnur verðmæti verði að engu. Annar líklegasti þátturinn til þess að flestra dómi er sá að styrkja verulega uppbyggingu á þéttbýlisstöðum svo að líkur á byggðaröskun verði ekki allt of miklar og fólk þurfi ekki að flytjast úr sínu heimahéraði til fjarlægari staða þó að tilflutningur verði innan þess.

Vegna þeirrar sérstöðu, sem Skaftfelllingar og Rangæingar búa við, eru vissir erfiðleikar meiri þar en víða annars staðar á landinu. Má þar fyrst nefna að eina samgönguleiðin eru vegirnir. Nær allar vörur eru fluttar til og frá Reykjavík sem er í 100 til 300 km fjarlægð eftir því hvar búið er í héraðinu. Engin höfn eða áætlunarflugvöllur er í þessum landshluta svo að vegirnir eru eina samgönguleiðin, bæði fyrir fólks- og vöruflutninga. Víðáttumiklir sandar eru líka til að torvelda samgöngur í austurhluta þess þegar sandbyljir koma, sem oft kemur fyrir, ásamt því að snjóalög og vatnagangur loka öðru hverju samgönguleiðinni. Hér er því um ýmsa erfiðleika að ræða en með stöðugt meiri tækni og samgöngubótum eru þessir erfiðleikar yfirstíganlegir.

Þessar sýslur hafa líka upp á ýmsa kosti að bjóða sem ekki eru annars staðar á landinu. Má þar sérstaklega nefna að þetta svæði er hlýjasta svæði landsins og á stórum hlutum þess eru kalskemmdir nær óþekktar á ræktunarlöndum eða útjörðum.

Héraðið er fagurt og margbreytilegt og hefur upp á flest það að bjóða sem þrýðir íslenska náttúru. Andstæðurnar eru miklar, jöklar, eldfjöll, hraun, eyðisandar, stór og straumhörð vötn, ásamt vinalegum fjallalækjum og fossum sem setja fagan svip á byggðina sem breiðir úr sér meðfram fjöllum og heiðum og um víðáttumikið flatlendi á stórum svæðum.

Nú þegar landbúnaðurinn á í vök að verjast vegna stjórnar á framleiðslu og vaxtarmöguleikar á öðrum sviðum eru takmarkaðir, ekki síst vegna langra flutningaleiða, vofir sú hætta yfir byggðinni að fólkinu fækki enn þá ef ekki koma til ný atvinnustörf.

Það fer vart milli mála að hagstætt er fyrir þjóðarheildina að nýttir séu allir þeir möguleikar sem þessar sýslur hafa upp á að bjóða. Þar á meðal má nefna hlýrra veðurfar en víðast hvar annars staðar á landinu. Hlýrri sjór er við suðurströndina en annars staðar við landið þar sem möguleikar eru meiri til fiskræktar í landkvíum en víðast annars staðar. Gosefni, sem mikið er til af á þessum svæðum, og nýting þeirra, er lítt rannsakað með hliðsjón af vinnslu og útflutningi.

Auk þess þyrfti að leggja aukna áherslu á sérstök þróunarverkefni, jafnt fyrir atvinnulífið, með eflingu nýrra atvinnugreina í huga, sem og önnur þróunarverkefni sem heimamenn hefðu frumkvæði að eða aðrir, sem lagt gætu fram góð ráð og hugmyndir, ásamt því sem sveitarfélög og ríkið legðu af mörkum. Væri mikill fengur að safna slíkum hugmyndum til sérstakra þróunarverkefna sem gætu orðið grundvöllur að aðgerðum eins og hér er gerð tillaga um hvað varðar Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu. Aðalatriðið er að finna leiðir til þess að auka atvinnumöguleika og tryggja afkomu íbúanna.

Atvinnuþróun hefur verið mjög einhæf á þessum svæðum og með þessari þingsályktunartillögu er stefnt að því að lögð verði meiri áhersla á að finna og próa verkefni sem gætu orðið forsenda þess að snúa vörn í sókn í atvinnuuppbyggingu og að stöðva fólksflutninga úr þessum byggðarlögum.

Fylgiskjal.



